

FRÁSÖGN*af ársfundi Vestnorræna ráðsins 1.–3. september á Akureyri.*

Af hálfu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sóttu fundinn Jón Gnarr, formaður, Ingibjörg Davíðsdóttir, varaformaður, Ása Berglind Hjálmarsdóttir, Jens Garðar Helgason, Jón Gunnarsson og Sigurjón Þórðarson, auk Hildar Edwald, alþjóðaritara.

Ársfundurinn hófst á ávörpum gesta. Dagbjört Hákonardóttir, fulltrúi Norðurlandaráðs, lagði í ávarpi sínu áherslu á mikilvægi norræns samstarfs og að löndin stæðu saman á óvissutímum. Hún fjallaði sérstaklega um breytt öryggisumhverfi, fjölþáttaógnir og mikilvægi viðbúnaðar. Norðurlandaráð væri að endurskoða öryggis- og viðbúnaðarsamþykktir sínar frá 2019 í ljósi breyttrar stöðu. Hún lagði jafnframt áherslu á jafnrétti, umhverfismál og loftslagsbreytingar og mikilvægi virkrar þátttöku allra norrænu ríkjanna í samstarfinu. Hún sagði einnig frá stuðningi Norðurlandaráðs við sjálfsákvörðunarrétt Grænlands og mikilvægi þess að styrkja samstarf Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins.

Eiríkur Björn Björgvinsson, fulltrúi þingmannanefndar um norðurslóðamál, bauð fundargesti velkomna til Akureyrar og fjallaði um vaxandi mikilvægi norðurslóða. Hann sagði Akureyri hafa skipað mikilvægan sess í umræðu um norðurslóðir og vísaði til starfa þingmannanefndarinnar og nýlegra funda um þróun mála á svæðinu. Meðal þeirra mála sem rædd hefðu verið væru loftslagsbreytingar, innviðir, orkuöryggi, samgöngur, fjarskipti, húsnæði og öryggismál. Mikilvægt væri að tryggja að rödd þeirra sem búa á norðurslóðum heyrðist í alþjóðlegri umræðu.

Christen Schaldemose, fulltrúi Evrópuþingsins, flutti einnig ávarp og lagði áherslu á langt og mikilvægt samstarf Evrópuþingsins og Vestnorræna ráðsins. Hún sagði að norðurslóðir væru sífellt mikilvægari fyrir Evrópu og nefndi sérstaklega öryggi mikilvægra innviða, þar á meðal sæstrengja. Hún taldi að Vestnorræna ráðið og Evrópuþingið ættu fjölmarga sameiginlega snertifleti, meðal annars varðandi loftslagsbreytingar, öryggi, lýðfræði, tungumál og tæknimál. Evrópuþingið liti á Vestnorræna ráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.

Qulutannguaq Berthelsen ávarpaði fundinn fyrir hönd Inuit Circumpolar Council (ICC). Hann fjallaði um stöðu inúíta og mikilvægi þess að rödd frumbyggja á norðurslóðum fengi að heyrast. ICC hefði frá stofnun sinni unnið að vernd menningar, tungumála og lifnaðarháttanna inúíta og að því að styrkja sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Í umræðunum var sérstaklega fjallað um áhrif loftslagsbreytinga, breytingar á hafis og áhrif þeirra á lífríki og fæðukeðjur. Fulltrúinn lýsti því hvernig breytingarnar væru orðnar áþreifanlegar í daglegu lífi fólks á Grænlandi, meðal annars með minni hafis og breytingum á selastofnum.

Eftir ávörp gestanna sagði formaður Vestnorræna ráðsins, Jón Gnarr, frá störfum ráðsins og forsætisnefndar á síðasta ári. Þá sögðu fulltrúar landsdeildanna frá störfum þeirra. Ingibjörg Davíðsdóttir gerði grein fyrir störfum Íslandsdeildar. Að því loknu fóru fram almennar umræður um vestnorrænt samstarf. Lögð var sterk áhersla á að Vestnorræna ráðið væri mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Þingmenn lögðu áherslu á að löndin þrjú þyrftu að styðja hvert annað, deila þekkingu og reynslu og standa saman þegar tekist væri á við sameiginlegar áskoranir. Jafnframt var lögð áhersla á að efla þyrfti eftirfylgni með samþykktum tilmælum og tryggja að þau kæmust til umræðu í þingum og ríkisstjórnnum landanna.

Menntun og ungmenntasamstarf var áberandi í umræðunum. Bent var á góðan árangur af samstarfi skóla og lýðháskóla milli landanna og að slíkt samstarf gæti stuðlað að auknum skilningi og vináttu milli ungs fólks. Meðal annars kom fram að fjöldi grænlenkra nemenda hefði stundað nám í færeyskum lýðháskólum og að áhugi væri á að efla gagnkvæm samskipti enn frekar. Einnig var rætt um mikilvægi þess að bækur og annað menningarefni yrði aðgengilegt ungu fólki í öllum löndunum þremur.

Ársfundurinn samþykkti fjórar nýjar tillögur. Sú fyrsta kom frá Íslandsdeild. Í henni eru ráðherrar Íslands, Færeyja og Grænlands sem fara með menningarmál og þeir sem fara með umhverfis- og loftslagsmál hvattir til að funda um aukið samstarf við verndun, skráningu og varðveislu á menningarminjum, sérstaklega þeim sem eru í hættu vegna loftslagsbreytinga og ágangs sjávar. Grænenska landsdeildin kom fram með breytingartillögu við þessa tillögu sem snerist um að leggja áherslu á staðbundna þekkingu heimamanna í þessari vinnu og var hún samþykkt.

Önnur tillagan kom einnig frá Íslandsdeild þar sem vestnorrænu ríkin eru hvött til samstarfs til verndunar hafstraumakerfisins AMOC. Hvatt er til samstarfs á sviði vísinda og ráðherrar loftslagsmála hvattir til að funda og stuðla að samstarfi á þessu sviði. Breytingartillaga frá grænensku landsdeildinni sem sneri að því að bæta inn staðbundinni þekkingu heimamanna og nýta hana betur var einnig samþykkt.

Þriðja tillagan var lögð fram af forsætisnefnd og fjallar um velferð ungs fólks á vestnorræna svæðinu. Þar eru stjórnvöld hvött til samstarfs og að miðla reynslu og þekkingu sín á milli. Í umræðunum var fjallað um geðheilsu barna og ungmenna, fíknivanda, áhrif samfélagsmiðla og sérstaku stöðu barna og ungmenna í dreifðum byggðum. Einnig var rætt um mikilvægi þess að löndin deildu reynslu og lausnum og lærðu hvert af öðru. Grænensk breytingartillaga var samþykkt og tillagan í heild sinni einnig.

Fjórdða tillagan var lögð fram af Jóni Gnarr, formanni Íslandsdeildar, Pipaluk Lyngre, formanni grænensku landsdeildarinnar, og Ásu Berglindi Hjálmarsdóttur, þingmanni Íslandsdeildar. Tillagan var um samstarf hinsegin samtaka á Vestur-Norðurlöndum. Þar komu fram ólíkar skoðanir á tillögunni, einkum varðandi stuðning stjórnvalda við frjáls félagasamtök og hvort tillagan væri mál sem sameinaði eða sundraði Vestnorræna ráðinu. Umræðan snerist jafnframt um mannréttindi, baráttuna gegn fordómum og ofbeldi og stöðu hinsegin fólks í löndunum þremur. Fram kom að aðstæður væru ólíkar milli landanna og að mikilvægt væri að eiga opið samtal um þessi mál.

Logi Einarsson, íslenski ráðherrann um norrænt samstarf, flutti framsögu í umræðu um vestnorrænt samstarf ríkisstjórnanna. Hann lagði áherslu á mikilvægi vestnorræns samstarfs og að löndin þrjú stæðu frammi fyrir mörgum sömu eða mjög svipuðum áskorunum. Samstarfið færi meðal annars fram innan norræns ráðherrasamstarfs en einnig með frumkvæði einstakra ríkisstjórna og ráðherra. Nefnd voru dæmi um samstarf á sviði heilbrigðismála, ferðaþjónustu, sjávarútvegs, menningar og nýsköpunar. Ráðherrann lagði áherslu á að forgangsraða þyrfti verkefnum þannig að samstarfið skilaði raunverulegum árangri. Takmarkað fjármagn og mannaflí kallaði á skýra forgangs röðun þar sem horft yrði til sameiginlegra gilda og þess sem gæti styrkt samfélög landanna. Hann taldi einnig mikilvægt að efla samstarf á sviði menntunar, menningar og ungmennamála og skapa þannig fleiri tækifæri fyrir ungt fólk til að kynnst og læra hvert af öðru.

Fyrir ársfundi lá tillaga frá forsætisnefnd um að þema næsta starfsárs yrði staðan í alþjóðastjórnámálum og áhrif þess á vestnorræna svæðinu. Tillagan var samþykkt. Unnið verður meðal annars út frá þeim málefnum sem Vestnorræna ráðið hefur fjallað um á undanförunum árum, einkum öryggismál og vernd mikilvægra innviða. Í umræðunum kom fram að breytt alþjóðleg staða, stríðið í Úkraínu, þróun öryggismála og aukin áhersla á mikilvægi norðurslóða gerðu þetta að mikilvægu viðfangsefni ráðsins.

Að lokum var nýr formaður og forsætisnefnd kosin. Jørgen Niclasen, formaður færeysku landsdeildarinnar, var kjörinn formaður, Pipaluk Lyngre, formaður grænensku landsdeildarinnar, 1. varaformaður og Jón Gnarr, formaður íslensku landsdeildarinnar, 2. varaformaður. Þau þrjú skipa forsætisnefnd ráðsins.

Samhliða ársfundi Vestnorræna ráðsins hélt forsætisnefnd ráðsins fund til undirbúnings ársfundar. Kvöldið fyrir ársfundinn fór fram verðlaunaafhending barna- og ungmennabókmenntaverðlauna Vestnorræna ráðsins í Norræna húsinu í Reykjavík. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár og að þessu sinni hlaut bókina *Pílu* eftir Uilu Pedersen verðlaunin.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins mætti einnig á viðburð á vegum Norræna félagsins á Norðurlandi þar sem þau kynntu Vestnorræna ráðið og sögðu frá störfum þess.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu www.vestnordisk.is